



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2017-058U004**

Dagsetning: **22. maí 2017**

Staðsetning: **Nesjavallaleið**


Atvik: **Fall af reiðhjóli**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Samantekt

Hjólreiðamaður var einn á ferð á reiðhjóli á Nesjavallaleið eftir hádegi mánudaginn 22. maí 2017. Hann missti jafnvægið og féll af hjólinu. Hann var ekki með hjálm og hlaut banvæna höfuðáverka í slysinu. Að mati nefndarinnar eru líkur á að maðurinn hefði lifað slysið af hefði hann verið með hjálm.

Staðsetning



Látinn:

27 ára gamall karlmaður.

Veður og birta:

Bjart, 13°C, A 10 m/s, hviður náðu um 15 m/s.

Vegur:

Bundið slitlag. Þurrt yfirborð. Hámarkshraði 70 km/klst. Meðaltalsumferð á sólarhring er 275 ökutæki.

Tími sólarhrings:

Um kl. 14.

Ökutæki:

Gary Fisher 8.2 DS reiðhjól.

Lýsing á slysi

Síðdegis 22. maí 2017 komu vegfarendur að slösuðum hjólreiðamanni á Nesjavallaleið neðst í brekkunni vestan við Dyrafjöll. Maðurinn hafði tekið hjólið á leigu hjá reiðhjólaleigu þann 19. maí og hafði gist nóttina fyrir slysið við Úlfljótsvatn. Engin vitni voru að slysinu. Vegfarandi hafði séð hann um 2 – 3 km austan við slysstað um kl. 13:42 en tilkynning barst lögreglu kl. 14:01. Engin ummerki fundust á vettvangi né á hjólinu um árekstur.



Mynd 1: Mynd af slysavettvangi tekin í austur.

Hinn slasaði var fluttur á sjúkrahús og lést hann af völdum slyssins rúmum sólarhring eftir slysið.

Áverkar

Hinn slasaði hlaut banvæna höfuðáverka. Hann var ekki með hjálm á höfði. Miðað við rispur á hjólinu og áverkum sem maðurinn hlaut er sennilegast að hann hafi misst stjórn á hjólinu og kastast fram fyrir sig. Að mati nefndarinnar eru líkur á að maðurinn hefði lifað slysið af hefði hann verið með hjálm.

Ökutækið og þyngd farangurs

Reiðhjólið var af gerðinni Gary Fisher 8.2 DS. Loft var í hjólbörðum og hemlar virkuðu. Farangur var á hjólinu og vóg hjólið með farangri 31 kg. Þungur farangur skerðir stöðugleika og eykur líkur á að hjólreiðamaður missi stjórn, sérstaklega þegar hraði er mikill og hviðusamt.

Rispur voru ofan á stýri og stýrið hafði losnað. Einnig hafði keðjan losað af tannhjóli að framan. Rannsóknin leiddi ekki í ljós hvort keðjan hafi losnað áður en maðurinn missti stjórn eða hvort hún losnaði þegar hjólið kastaðist eftir götunni. Gírstillir var í efsta gír.



Mynd 2: Reiðhjólið á vettvangi, búið var að reisa það við þegar myndin var tekin.

Ökuhraði

Engin vitni voru að slysinu en gístillir var í efsta gír og var hjóltreiddamaðurinn að fara niður 150 til 200 metra langa brekku. Vindur var um 10 m/s í bakið á manninum. Nánast engin ummerki fundust á vettvangi til að byggja hraðaútreikning á en að mati nefndarinnar er sennilegt að hraðinn hafi verið um og yfir 40 km/klst.

Vegur og umhverfi

Á slysstað liggur vegurinn niður brekku með bundnu slitlagi. Engar slitlagsskemmdir voru á vettvangi slyssins né lausamöl nema í vegkantinum. Engin ofankoma var. Það var bjart og vegyfirborð þurrt. Vindhraði var um 10 m/s að austan og hviður náðu í um 15 m/s.



Mynd 3: Mynd tekin í vestur efst í brekkunni. Slysstaður er neðst í brekkunni og sést ekki á myndinni.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Ekki voru framkvæmdar áfengis- og lyfjarannsóknir á hjólreiðamanninum.

Orsakagreining

- Hjólreiðamaðurinn missti vald á hjólinu á talsverðum hraða, féll sennilega fram fyrir sig á höfuðið á veginn og lést af völdum höfuðáverka
- Hjólreiðamaðurinn var ekki með hjálm

Tillaga í öryggisátt

Hjálmanotkun

Um það bil 70 til 75% banaslysa hjólreiðamanna eru af völdum höfuðáverka¹. Höfuðáverkar eru algeng ástæða fyrir örorku sem leggur mikið á hinn slasaða og hans nánustu sem og samfélagið í heild. Í nýlegri viðamikilli samanburðarrannsókn á niðurstöðum fjölda rannsókna frá mörgum löndum á áhrifum hjálma á höfuðmeiðslum í reiðhjólaskilysum kemur í ljós að hlutfall þeirra sem urðu fyrir höfuðmeiðslum var að meðaltali helmingi minna meðal þeirra sem voru með hjálm en hjá þeim sem voru án hjálms. Öryggisáhrif hjálma mælast meiri fyrir alvarleg höfuðmeiðsl. Hlutfall þeirra sem urðu fyrir alvarlegum höfuðmeiðslum, þ.m.t. banaslysum, var að meðaltali 69% lægra meðal þeirra sem voru með hjálm en þeirra sem ekki voru með hjálm². Í þessu slysi hlaut hjólreiðamaðurinn banvæna höfuðáverka. Hann var ekki með hjálm.

Reiðhjólahljómar veita vernd gegn höfuðáverkum og hvetur Rannsóknarnefnd samgönguslysa reiðhjólamenn til að nota ávallt viðurkennda reiðhjólahljóma við hjólreiðar.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa beinir því til Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins að endurskoða reglur með tilliti til hjálmaskyldu fyrir allt hjólreiðafólk.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Guðmundur Freyr Úlfarsson

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsókna

Reykjavík 11. september 2018
Rannsóknarnefnd samgönguslysa

¹ WHO, 2006: „*Helmets: A road safety manual for decision-makers and practitioners*“ Geneva, Sviss.

NHTSA, 2008: „*Traffic Safety Facts: Bicycle Helmet Use Laws*“ Washington, D.C., National Highway Traffic Safety Administration, 2008 (DOT HS-810-886W).

² Olivier, Creighton, 2017: „*Bicycle injuries and helmet use: a systematic review and meta-analysis*.“ International Journal of Epidemiology, Volume 46, Issue 1. Oxford University Press.